

# HÚSÖNDIN

64.tbl. 2.árg.  
29.maí 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnprúður Dagsdóttir husondin@gmail.com

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 30.MAÍ-6.JÚNÍ

- 31.5 *Claudia Nicole Jakobs, Þórarinn Böðvarsson*  
1.6 *Ólafur Þröstur Stefánsson, Friðjón Jóhannsson, Margus Kæaer*  
2.6 *Íris Ósk Ásgeirsdóttir Muller, Ásdís Erla Jóhannesdóttir*  
3.6 *Friðrik Arnarson, Júlíus Gunnar Björnsson*  
5.6 *Hrafnhildur Geirsdóttir*



### Skólaslit

Skólaslit Reykjahlíðarskóla og Tónlistarskóla Mývatnssveitar  
verða föstudaginn 31. maí kl. 17.

Allir velunnarar velkomnir.

Skólastjóri



## FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

### Skólafulltrúi Framhaldsskólans á Laugum

Laust er til umsóknar starf skólafulltrúa við Framhaldsskólann á Laugum. Um 50% starf er að ræða. Í starfinu felast öll almenn skólaritarastörf s.s. símsvörun og bréfaskrif sem og umsjón með bókasafni s.s. sjá um útlán, skráningu gagna í Gegni og skýrslugerð. Skólafulltrúi er í miklum samskiptum við nemendur, starfsfólk, skólameistara og foreldra nemenda. Skólafulltrúi aðstoðar heimvistarstjóra á álagstímum ef þarf. Einnig aðstoðar skólafulltrúi við vorþrif á húsum skólans og ber ábyrgð á því að verkefni sem undir hann falla séu unnin samvisskusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti hverju sinni veitt notendum sínum sem besta þjónustu.

Krafist er sjálfstæðra vinnubragða, skipulagshæfileika, frumkvæðis, þjónustulipurðar, hæfni í samskiptum og tölvukunnáttu. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að takast á við margvísleg verkefni á skemmtilegum vinnustað. Ráðið er í stöðuna frá 15. ágúst 2019. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknir sem greina frá menntun og starfsreynslu skulu sendar fyrir 18. júní 2019 til skólameistara Framhaldsskólans á Laugum sem veitir allar frekari upplýsingar í síma 464-6301. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á [sarngrim@laugar.is](mailto:sarngrim@laugar.is). Ekki þarf að sækja um á sérstöku eyðublaði. Umsókn þarf að fylgja sakavottorð í samræmi við 4. mgr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfum starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Skólameistari

Framhaldsskólans á Laugum

650 Laugar

# LYFJA – ÚTIBÚ

Heilsugæslustöðinni Hlíðavegi 8

auglýsir að frá og með 3. júní

verður LYFJA opin

mánudag til föstudag frá kl. 10-12 og 13-15

Lyfja er með síma 464-0662



Kæru sveitungar,  
ruslahreinsunin / plokkið gekk frábærlega og glæsilegt hve margir tóku þátt og gaman að vera með ykkur um kvöldið upp í Jarðböðum. Sumir fengu ágætis steypiregn yfir sig en það stoppaði ekki neinn.

Þökkum kærlega öllum sem komu og týndu rusl, félögum fyrir að sjá um sín svæði og alla sem komu að þessum viðburði. Þökkum einnig Jarðböðunum, Kjörbúðinni og Kjörís fyrir þeirra framlag.

Endilega sendið á Fjöregg og / eða Skútustaðahrepp ef þið eruð með einhverjar hugmyndir til að gera gott enn betra.

Sjáumst hress í hreinni sveit,  
Fjöregg og Skútustaðahreppur



KJÖRBÚÐIN



## **Skipulag fyrir æfingatöflu Mývetnings í júní 2019**

### **6-12 ára, leikir**

Tímar saman settir af leikjum og fjölda íþróttagreina, t.d fótbolta, frjálsum, körfubolta o.fl.

Ekki er farið fram á fasta skráningu heldur er frjáls mæting. Hvert skipti mun kosta 500 kr, Sandra skráir mætingu og foreldri fær svo reikning sendan í lok sumars.

### **Leikskóli, leikir**

Elsta stigi og miðstigi í leikskóla verður boðið að koma út í skipulagða hreyfingu og leiki með kennara á skólatíma.

### **Íþróttir eldri borgara**

Tímarnir verða með svipuðu sniði og á veturnar, skemmtilegar æfingar í góðum félagskap og einnig farið í gönguferðir.

### **Fullorðinsþrek – strengt class for adults outside.**

Tímar ætlaðir öllum 16 ára og eldri, hvort sem um er að ræða byrjendur eða lengra komna. Æfingar verða með margskonar sniði og markmiðið er að hafa sumarið sem fjölbreyttast, æfingar með eigin líkamsþyngd, lóð, bjöllur o.fl. Æfingarnar verða úti nema annað verði tekið fram.

### **Frjálsar íþróttir 10-16 ára**

Æfingar í öllum helstu greinum frjálsra sem við getum boðið upp á eins og hlaup, langstökk, kúluvarp og spjótkast.

Jafnframt mun Sandra reyna að bjóða upp á fullorðinsþrek og leikstund með leikskólabörnum og foreldrum á laugardögum þegar hún verður heima við. Hún mun auglýsa það á facebook síðu Mývetnings.

### **Zumba – Zumba for adults in ÍMS.**

Zumba í íþróttahúsinu fyrir fullorðna undir stjórn Valerija. Hægt verður að kaupa 10 skipta klippikort hjá Íþróttafélaginu fyrir Zumba og fullorðinsþrek og kostar þá tíminn 500 kr en annars mun stakur tími kosta 1000 kr. You can buy 10 tickets at 5000 kr for Zumba and strength class or each time at 1000 kr.

Æfingatafla fyrir júlí verður auglýst síðar. Ef einhverjar spurningar vakna má alltaf hafa samband við Jóhönnu Jósa formann (847-4174), Söndru Þjálfara (866-6587) og Valerija Þjálfari (863-4436).

Eins ef einhverjir eru áhugasamir fyrir að fara í göngur á mánudagskvöldum væri gaman að heyra í ykkur.

Stjórn Mývetnings



## **Skólaliðar við Reykjahlíðarskóla**

Skólaliða vantar við Reykjahlíðarskóla frá 20. ágúst 2019 í 60% starf

Skólaliðar eru þátttakandur í uppeldisstarfi skólans.

Þeir skulu hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og hafa skólareglur í heiðri. Þeir sýna nemendum skóla gott fordæmi, eru jákvæðir, heilsuhraustir, traustir og samkvæmir sjálfum sér.

Þeir starfa með nemendum í leik og starfi, sjá um þrif á skólahúsnæðinu og gegna jafnframt húsvörslu.

Þeir starfa eftir starfslýsingu fyrir skólaliða og húsvörð við Reykjahlíðarskóla.

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2019.

Laun samkvæmt kjarasamningi Framsýnar.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Frekari upplýsingar gefur Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

Sími 464-4375

Tölvupóstur: [solveig@reykjahlidarskoli](mailto:solveig@reykjahlidarskoli)

| Kl.          | Mánudagur<br>03/ júní 2019 | Þriðjudagur<br>04/ júní 2019         | Miðvikudagur<br>05/ júní 2019 | Fimmtudagur<br>06/ júní 2019 | Laugardagur<br>8/ júní 2019 |
|--------------|----------------------------|--------------------------------------|-------------------------------|------------------------------|-----------------------------|
| 8:30-9:30    |                            |                                      |                               |                              | Zumba (Valerija)            |
| 10:00-12:00  | 6 - 12 ára leikir          | 6 - 12 ára leikir                    | 6 - 12 ára leikir             | 6 - 12 ára leikir            |                             |
| 13:00-13:30  | Leikskóli leikir           | Leikskóli leikir                     | Leikskóli leikir              | Leikskóli leikir             |                             |
| 14:00-15:00  |                            |                                      | Íþróttir eldri borgara        |                              |                             |
| 17:00 -18:00 |                            | Frjálsar íþróttir (úti)<br>10-16 ára |                               |                              |                             |
| 17:00 -18:00 |                            | Zumba (Valerija)                     |                               |                              |                             |
| 17:30-18:30  | Fullorðinsþrek (úti)       |                                      | Fullorðinsþrek (úti)          | Fullorðinsþrek (úti)         |                             |

| Kl.          | 10/ júní 2019               | 11/ júní 2019                        | 12/ júní 2019           | 13/ júní 2019        | 15/ júní 2019    |
|--------------|-----------------------------|--------------------------------------|-------------------------|----------------------|------------------|
| 8:30-9:30    | Annar í Hvítasunnu Frídagur |                                      |                         |                      | Zumba (Valerija) |
| 10:00-12:00  |                             | 6 - 12 ára leikir                    | 6 - 12 ára leikir       | 6 - 12 ára leikir    |                  |
| 13:00-13:30  |                             | Leikskóli leikir                     | Leikskóli leikir        | Leikskóli leikir     |                  |
| 14:00-15:00  |                             |                                      | Íþróttir eldri borgarar |                      |                  |
| 17:00 -18:00 |                             | Frjálsar íþróttir (úti)<br>10-16 ára | Zumba (Valerija)        |                      |                  |
| 17:30-18:30  |                             |                                      | Fullorðinsþrek (úti)    | Fullorðinsþrek (úti) |                  |

| Kl.          | 17/ júní 2019                | 18/ júní 2019                        | 19/ júní 2019                           | 20/ júní 2019        | 22/ júní 2019    |
|--------------|------------------------------|--------------------------------------|---|----------------------|------------------|
| 8:30-9:30    | Þjóðhátíðardagurinn Frídagur |                                      |   |                      | Zumba (Valerija) |
| 10:00-12:00  |                              | 6 - 12 ára leikir                    | 6 - 12 ára leikir                       | 6 - 12 ára leikir    |                  |
| 13:00-13:30  |                              | Leikskóli leikir                     | Leikskóli leikir                        | Leikskóli leikir     |                  |
| 14:00-15:00  |                              |                                      | Íþróttir eldri borgarar (göngur og fl.) |                      |                  |
| 17:00 -18:00 |                              | Frjálsar íþróttir (úti)<br>10-16 ára |   |                      |                  |
| 17:00 -18:00 |                              | Zumba (Valerija)                     |   |                      |                  |
| 17:30-18:30  |                              |                                      | Fullorðinsþrek (úti)                    | Fullorðinsþrek (úti) |                  |

| Kl.          | 24/ júní 2019                     | 25/ júní 2019 | 26/ júní 2019    | 27/ júní 2019 | 29/ júní 2019    |
|--------------|-----------------------------------|---------------|------------------|---------------|------------------|
| 8:30-9:30    |                                   |               |                  |               | Zumba (Valerija) |
| 10:00-12:00  | 6 - 12 ára leikir                 |               |                  |               |                  |
| 13:00-13:30  | Leikskóli leikir                  |               |                  |               |                  |
| 14:00-15:00  | Íþróttir eldri borgarar           |               |                  |               |                  |
| 16:00-17:00  | Frjálsar íþróttir (úti) 10-16 ára |               |                  |               |                  |
| 17:00 -18:00 |                                   |               | Zumba (Valerija) |               |                  |
| 17:30-18:30  | Fullorðinsþrek                    |               |                  |               |                  |



Frá Heilsugæslustöðinni Hlíðavegi 8,

Mývatnssveit

**FRÁ OG MEÐ 3. JÚNÍ VERÐUR**

**HEILSUGÆSLUÞJÓNUSTA Í MÝVATNSSVEIT EFTIRFARANDI**

**Viðtalstímar hjúkrunarfræðings:** Alla virka daga frá kl. 8:30-9:30 og aðrir tímar eftir samkomulagi í síma 464-0660

**Blóðprufur:** Á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 8:30-9:30

**Móttaka lækna:** á milli kl. 13-15 á mánudögum og á milli kl. 10-12 á fimmtudögum. Tímapantanir í síma 464-0501 / 464-0660

**Lyfjaendurnýjun:** í síma 464-0500 frá kl. 9-10 alla virka daga

**Vaktsími lækna:** frá kl. 8:15 – 9:00 og kl. 13:00 til 13:30

í síma 464-0500

**Vaktsíminn 1700 er opinn allan sólarhringinn**

**Slys og alvarleg veikindi þar sem bráðrar**

**þjónustu er þörf – hringið í 112**